



## Alþýðusamband Íslands

12. júní 2016

### Minnisblað

#### vegna tillögu um lagabreytingar á 41. grein laga um hækkun skatta til ASÍ

Lagt er til að skatthlutfall til ASÍ hækki um 0,9%, út 7,4% í 8,3% og gerist í tveimur áföngum (sjá nánar tillögu sem lögð var fyrir miðstjórn 1. júní 2016).

#### Ákvarðanir sem kallað hafa á aukinn kostnað

Lögð hefur verið áhersla á að efla enn frekar skrifstofu ASÍ og styrkja ímynd samtakanna – til þess að gera það hefur m.a. verið samþykkt:

- Staða sambandssjóðs fyrir fjármagnsliði hefur verið erfið síðan skattar voru lækkaðir 2008 og fjölgun félagsmanna eða tekjuauki þeirra hefur ekki dugað til að rétta hann af. Miðstjórn ASÍ mótaði þá sýn árið 2002, þegar núverandi húsnæði var keypt, að rekstur sambandssjóðs ætti að vera í jöfnuði fyrir fjármagnsliði en ávöxtun eigna stæði á móti lífeyrisskuldbindingum sambandsins.
- Ráðning framkvæmdastjóra, sérfræðings í vinnustaðaeftirliti og vinnuvernd og sérfræðing sem sinnir þríþættu starfi í upplýsinga og kynningarmálum, ASÍ-ung og fyrir fræðsludeild, ásamt hækkun á kostnaði við rekstur skrifstofunnar vegna þess, er eftirfarandi:

	2016	2017	2018	2019
Bein laun 3ja starfsmanna	35.195.340	37.456.210	39.533.251	42.218.136
Launatengd gjöld	12.198.696	13.016.601	14.105.434	15.077.452
Rekstur skrifstofu, hlutur 3ja stöðugilda	2.953.421	3.068.605	3.145.320	3.223.953
<b>Samtals aukning útgjalda við fjölgun</b>	<b>50.347.457</b>	<b>53.541.416</b>	<b>56.784.004</b>	<b>60.519.541</b>

- Jafnframt var ákveðið að ASÍ myndi fjármagna gerð Klukksins og viðhalda því.
- Einn réttur ekkert svindl: samhæfing og stuðningur við fulltrúa stéttarfélaganna sem sinna þessu starfi í sínu nærumhverfi. Útgáfa á ýmsu efni og auglýsingum.
- Fjárfest var í miðlægu rafrænu kosningakerfi vegna atkvæðagreiðslna t.d. kjarasamninga sem verður aðildarfélögunum aðgengilegt á komandi árum.